

Samþykktir Svæðisdeilda

1. gr.

Innan félagsins starfa svæðisdeildir sem hafa það hlutverk að vinna hagsmunamálum svæðisdeildarinnar og félagsins.

Starfandi svæðisdeildir eru:

- Borgarfjarðardeild
- Dala- og Snæfellsnesdeild
- Dalvíkurbyggðardeild
- FOSHÚN deild
- FOSVEST – deild
- Fjallabyggðardeild
- Skagafjarðardeild
- STAF – deild
- STAK – deild

2. gr.

Starfssvið deildarinnar:

1. Að afla upplýsinga fyrir aðalstjórn til framfara hverju sinni.
2. Að dreifa upplýsingum og aðstoða félagsmenn
3. Að funda þegar þurfa þykir um sérmál svæðisins og koma tillögum til aðalstjórnar.
4. Að gera tillögur til aðalstjórnar um fjárframlög til svæðisdeildarinnar.
5. Að halda fundi árlega með þátttöku stjórnar/ starfsmanna.
6. Að sjá um skemmtiferðir/árshátíðir.
7. Að stuðla að samheldni og samvinnu meðal félagsmann.
8. Að vinna að þeim hagsmunamálum sem upp koma hverju sinni

3. gr.

Trúnaðarmenn í hverri svæðisdeild kjósa sér aðaltrúnaðarmann (deildarstjóra) og tvo trúnaðarmenn aðaltrúnaðarmanni til aðstoðar, þeir mynda síðan svæðisráð hvers svæðisdeildar. Leitast skal við að hver svæðisdeild eigi fulltrúa í aðalstjórn Kjalar.

4. gr.

Deildin starfar í samræmi við ákvæði 24.gr laga Kjalar og samþykktum þessum.

Starf deildarinnar er fjármagnað af félagssjóði sem ákveðið er af stjórn Kjalar hverju

sinni. Skrifstofur félagsins sjá um rekstur deildanna og aðstoðar eftir þörfum.

5. gr.

Fundi skal boða rafrænt. Bóka skal fundagerðir rafrænt og þær geymdar á tryggilegan hátt. Deildir skulu senda stjórn félagsins afrit af fundargerðum sínum.

6. gr

Svæðisráð boðar til fundar í svæðisdeildinni og skulu haldnir eins oft og þurfa þykir m.a. fyrir hvern skipulagðan fulltrúarráðsfund Kjarar. Ef 1/3 trúnaðarmanna svæðisdeildar óskar þess skriflega að haldinn sé fundur í svæðisdeildinni til að ræða tiltekið mál skal svæðisráð verða við því innan tveggja vikna.

7. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta af stjórn Kjarar að fengnum tillögum frá svæðisráði.